



Reykjavík, 6. mars 2024

VEL24010033

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um þjónustu Liðs aukans

Þann 17. janúar 2024 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Liðsauki í sjálfstæðri búsetu var sett á fót í febrúar 2020. Markmið úrræðisins, eins og það er kynnt, er færanlegt teymi sem veitir ungu fullorðnu fólki stuðning í sinni búsetu, innan sem utan heimilis með það að markmiði að efla færni einstaklinga til að búa sjálfstætt (á eigin heimilum) og stuðla að virkri þátttöku þeirra í samfélaginu. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig þetta úrræði hafi gengið/árangur þessa úrræðis. Hversu margir einstaklingar eru í þessu úrræði?

Hversu margir af þessum einstaklingum sækja vinnu eða nám?

Í hópi þeirra sem sækja þjónustu Liðs aukans eru einstaklingar með væg þroskafrávik og skyldar raskanir, geðrænar áskoranir, einstaklingar með framheilaskaða og aðrir sem samsama sig ekki öðrum úrræðum sem í boði eru. Hvernig er þjónusta Liðs aukans frábrugðin þjónustu einstaklinga með þroskaskerðingar? Hvernig er lagt mat á að skjólstæðingar Liðs aukans samsami sig ekki öðrum úrræðum? Hvernig eru einstaklingar valdir í þetta úrræði? Á hvaða fyrirmynd byggir starfsemi Liðs aukans.

Svar:

Liðsauki sem færanlegt teymi var stofnað árið 2017. Teymið tók yfir þjónustu við einstaklinga sem áður höfðu búið í íbúðakjarna að Njálsgötu 65. Fyrstu árin þjónustaði Liðs aukinn níu einstaklinga. Árið 2018 var unnin þarfagreining á grundvelli biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk og samkvæmt upplýsingum frá miðstöðvum borgarinnar voru 26 einstaklingar taldir geta nýtt sér stuðning frá færanlegu teymi. Allir þessir 26 einstaklingar áttu það sameiginlegt að þurfa stuðning við að meta eigin stuðningsþarfir og þurfa á langvarandi stuðningi að halda ásamt því að þurfa heildræna og þverfaglega nálgun með samfelldum stuðningi. Árið 2019 var ákveðið að stækka Liðs aukann og frá árinu 2020 hefur teymið þjónustað 18 einstaklinga hverju sinni, víðs vegar í Reykjavík.

Fatlað fólk er margbreytilegt og koma verður til móts við stuðningsþarfir þess með mismunandi hætti. Jaðarhópur ungs fatlaðs fólks með væg þroskafrávik og skyldar fatlanir hefur reynst sérstaklega viðkvæmur og flókinn í þjónustu. Hópurinn einkennist af því að eiga sterka sameiginlega þrá um að lifa sjálfstæðu lífi eins og ófatlað fólk. Erfiðleikar í félagstengslum sem m.a. einkennast oft af mótþróa í samskiptum við



Reykjavík



aðstandendur og þjónustuveitendur gera það að verkum að þessi ungmenni eiga oft að baki brotin félagstengsl og skólagöngu. Á sama tíma og jafnaldrar þeirra fara í framhaldsnám eða hefja starfsferil og flytja að heiman verður sérstaða hópsins og vaxandi einangrun oft áberandi. Vandamál tengd aðlögunarerfiðleikum svo sem neysla, afbrot og slæmur félagsskapur taka í ákveðnum tilfellum við sem alvarlegir áhættuþættir þegar þetta unga fólk yfirgefur foreldrahús og tekur sín fyrstu skref í sjálfstæðu lífi. Liðsaukinn hefur verið hugsaður sem sérhæfður stuðningur við upphaf búsetu þessa hóps. Liðsaukinn hefur það að markmiði að efla vald einstaklingsins yfir eigin lífi og eru dæmi um að stuðningsþarfir einstaklinga í þjónustu Liðsaukans hafi breyst þannig að viðkomandi notendur hafi fengið úthlutað húsnæði með stuðningi og ekki lengur þurft á þeim víðtæka stuðningi að halda sem Liðsaukinn veitir.

Það sem flestir notendur Liðsaukans eiga sammerkt er að þeir samsama sig ekki við aðra einstaklinga í sambærilegri stöðu og þeir sjálfir, þurfa langvarandi stuðning en álíta sig ekki fatlaða og vilja ekki búa í íbúðakjörnum með öðru fötluðu fólk. Það sem gerir Liðsaukann frábrugðinn öðrum úrræðum er að notendur þjónustunnar búa sjálfstætt vítt og breytt um borgina. Liðsaukinn getur veitt sólarhringsþjónustu og í upphafi búsetu er skipulagt með notanda hvernig Liðsaukinn getur best stutt við viðkomandi. Það getur verið með viðveru og innlitum, stuðningi við nám og vinnu. Það getur verið stuðningur við að halda óæskilegum félagsskap frá notanda og styðja viðkomandi í að halda sér frá neyslu. Það getur verið stuðningur í tengslum við heilbrigðiskerfi og önnur opinber þjónustukerfi. Liðsaukinn getur boðið upp á allt frá stuðningi við sjálfstætt líf í formi innlita og aðstoðar við verkefni dagsins til viðveru starfsfólks í vökutíma notanda, auk innlita um nætur. Þjónustan er sérhæfð og tryggð að viðkomandi fái stuðning þó um veikindi starfsfólks sé að ræða.

Í dag er einn notandi Liðsaukans í námi og einn í vinnu, en sé horft yfir þann tíma sem Liðsaukinn hefur verið starfræktur í núverandi mynd þá hafa komið tímabil þar sem allt að 45% notanda hafa verið í námi og vinnu.

Mat á stuðningsþörfum einstaklinga sem sækja um sértækt húsnæði hjá borginni er unnið með umsækjendum og ákvörðun um úrræði byggir á fötlun viðkomandi og þarfagreiningu fagaðila á miðstöðvum. Tekið er mið af grunn- og sjálfsmati viðkomandi og SIS mati Ráðgjafar- og greiningarstöðvar, sé það fyrirliggjandi og byggir umsókn um Liðsaukann á þeim gögnum.

